



Selfossi 7. des. 2011

Fundargerð stjórnar

88. fundur fulltrúaráðs *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn þriðjudaginn 7. desember 2011 kl. 16.00 að Árvegi 1, Selfossi

Mætt:

Eyþór Arnalds, formaður, Ólafur Örn Ólafsson, Gunnar Þorgeirsson, Stefán Helgason, Eggert Valur Guðmundsson, Ólafur Leifsson, Guðmundur Þór Guðjónsson, Kjartan Lárusson, Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri, Pétur Pétursson varaslökkviliðsstjóri og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð

Formaður setti fundinn kl. 16.05

1. Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2012

Samþykkt tillaga frá stjórn lögð fyrir.

Rekstrarkostnaður á hvern íbúa sýndur og samanburðartölur frá 2010 frá öðrum sveitarfélögum.

Skipting framlaga sveitarfélaga rædd, þ.e.a.s. 70/30 skipting, brunabótamat/íbúafjöldi. Kristján fór yfir tilurð þessa fyrirkomulags við stofnun B.Á., breytinguna úr 75/25 og þá vinnu sem B.Á. lagði í með KPMG og PwC varðandi breytingu á skiptingunni. Umræður að endurskoða þessa skiptingu. Kristjáni falið að setja nokkrar tillögur að skiptingu og senda á fulltrúaráðsmenn til skoðunar.

Starfsmannamál rædd, tilhögun á útköllum og launaáætlun.

Breytingar á einstaka liðum milli ára rædd.

Tillaga að fjárhagsáætlun samþykkt en jafnframt áætlað að endurskoða skiptingu framlaga sveitarfélaga vegna áætlunar 2013.

2. Önnur mál

- a) Málefni varðandi hugsanleg húsakaup B.Á.

Kynning á mati fasteignasala á söluverði slökkvistöðva í Árnæssýslu. Áætlun um hugsanlegt lán kynnt.

Samþykkt að senda matsgjærðir fasteignasalans til sveitarfélaga til að fá endanlegan verðmiða á stöðvarnar og skoða kaupmál af fullri alvöru.

Fulltrúaráð samþykkir að óska eftir viðræðum við fulltrúa Hrunamannahrepp um inngöngu í B.Á.

b) Sjúkraflutningur til BÁ

Kynning á útboðsmálum í sjúkraflutningum frá H.Su.

Umræður um hvernig sjúkraflutningum er háttað í dag og hvort og hvernig BÁ gæti rekið sjúkraflutninga á Suðurlandi.

Samþykkt að skoða málin nánar og sjá fyrir hvaða upphæð BÁ treystir sér til að reka sjúkraflutning á Suðurlandi.

c) Eldurinn í Eden

Pétur sýnir glærur vegna Eden-brunans.

Umræður á eftir um eðli elds og slökkvistarfs og hvað stjórnendur og liðsmenn BÁ geta lært af útkalli sem þessu.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 17.55